

Umhverfisráð - 333 (14.2.2020) - Breytingar á deiliskipulagi Hóla- og Túnahverfis

Málsnúmer : 201905162
Málsaðili : Umhverfis- og tæknisvið
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 14.02.2020

Inngangur : Þann 31. október 2019 samþykkti sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis í Hóla- og Túnahverfi á Dalvík skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í auglýstri tillögu var lagt til að eftirtaldar breytingar yrðu gerðar á gildandi deiliskipulagi:

1. Parhúsalóð nr. 9a og 9b við Hringtún er breytt í lóð fyrir þriggja íbúða raðhús.
2. Einbýlishúsalóðunum nr. 17 og 19 við Hringtún er breytt í lóðir fyrir parhús með óbreyttu byggingarmagni.
3. Ný parhúsalóð nr. 20 og 22 við Hringtún.
4. Afmarkaður er byggingarreitur utanum garðhús við Hringtún 30.
5. Einbýlishúsalóðirnar við Hringtún 42 og 44 eru sameinaðar og breytt í eina raðhúsalóð. Hús á lóðinni skal vera á einni hæð.
6. Einbýlishúsalóð við Skógarhóla 11 er breytt í þriggja íbúða raðhúsalóð.

Kynningarfundur var haldinn í menningarhúsinu Bergi á Dalvík 6. ágúst 2019. Áður höfðu áform um þéttingu byggðar m.a. í Hóla- og Túnahverfi verið kynnt á almennum borgarafundi 11. apríl 2019. Nokkrar breytingar voru gerðar á tillögunni eftir kynningarfundinn 6. ágúst með hliðsjón af umræðum á fundinum.

Deiliskipulagstillagan var auglýst samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi í Morgunblaðinu, blaði á landsvísu og Lögbirtingarblaðinu, skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 11. desember 2019 með athugasemdafresti til 23. janúar 2020. Vegna þeirra aðstæðna sem upp komu í desember var síðan ákveðið að framlengja frest til athugasemda til 31. janúar. Sextán athugasemdir bárust á auglýsingatíma við deiliskipulagstillöguna. Vísast um þetta nánar til fylgiskjalsins "Samantekt athugasemda við deiliskipulagstillögu" við fundargerð þessa. Umhverfisráð óskaði eftir að fá að birta allar athugasemdir sem bárust. Þrettán athugasemdir og umsagnir eru birtar í heild sinni og útdráttur úr þremur athugasemdum að ósk bréfitara.

Niðurstaða : Með hliðsjón af athugasemdum leggur umhverfisráð til að umfjöllun um nýtingu svæðis norðan Hringtúns verði vísað til endurskoðunar aðalskipulags og fallið verði frá nýrri lóð við Hringtún 20-22 á þessu stigi. Bætt er við byggingarreitum fyrir sambyggða bílskúra á lóðunum Böggvisbraut 10 og Steintúni 1. Aðrar athugasemdir gefa ekki tilefni til annarra breytinga á deiliskipulagstillögunni. Afgreiðsla athugasemda kemur fram í fylgiskjalinu "Samantekt athugasemda við deiliskipulagstillögu" við fundargerð þessa.

Umhverfisráð samþykkir tillöguna svo breytta og felur sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs að senda Skipulagsstofnun gögnin til yfirferðar ásamt athugasemdum og samantekt um málsmeðferð.

Geri Skipulagsstofnun ekki athugasemdir við samþykktu tillögu skal sviðsstjóri auglýsa gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum.